

Árt.- íslenska 5.LR - 2018-2019

Kennarar: Lilja Rut Bech Hlynsdóttir

5

Markmið með þessari lotu er að:

Nemendur:

- geri sér grein fyrir gildi góðrar framsagnarfærni, efli færni sína til að tjá sig skýrt og áheyrilega ásamt því að efla færni sína til að nota t.d. leikræna tilburði, líkamstjáningu og raddblæ til að fanga athygli áheyrenda.
- efli getu sína til þess að tjá eigin skoðanir og tilfinningar, efli færni sína til þess að taka þátt í samræðum og læri að rökræða samkvæmt reglum.
- efli færni sína í góðum samskiptum þar sem þeir hlusta á aðra, gæta tungu sinnar í samskiptum og sýna viðeigandi kurteisi.
- efli færni sína til að skilja fjölbreyttan texta ætlaðan börnum og unglíngum (sögur á nútíma íslensku og eldri útfærslur af málinu, fræðitexta, fréttir, ljóð o.s.frv.) lagt mat á þá og túlkað.
- efli færni sína til þess að fjalla um aðalatriði texta, bæði munnlega og skriflega.
- hanni sína persónulega rithönd sem er skýr og greinileg.
- efli skýrleika í prentskrift og tengiskrift.
- efli færni sína til þess að nota orðabækur við ýmis verkefni og í daglegu starfi.
- efli forvitni sína um tungumálið, þýðingu orða og notagildi þeirra.
- efli þekkingu sína á stafsetningu íslenskunnar (tvöfaldur samhljóði, ng. og nk., y og ý), læri að nota helstu greinamerkingar (?!,:;„“)
- riti fjölbreytta texta, bæði út frá eigin sköpun, endursögn á eigin reynslu og upp úr lesnum texta.
- efli þekkingu á no. lo. og so. og því sem orðflokkgreiningu fylgir.
- efli þekkingu sína á orðtökum, málsháttum, merkingu þeirra og hvaðan hún kemur.
- geri sér betur grein fyrir notagildi málfræðinnar í ritun, stafsetningu og töluðu máli.

Námsgögn sem við notum:

- Orðspor 1, vinnubók og lesbók
- Málrækt 1
- Mál til komið
- Skræða 1
- Blákápa
- Lestur bóka í nestistímum/bíómyndir út frá bókunum/verkefni unnin úr báðum
- stakir textar frá kennara
- Stök verkefni frá kennara

- Stafsetningaræfingar
- krossgátur
- ýmis ritunarverkefni
- Skrift 5
- Sögusteinn
- Ljóðspor
- Óðinn og bræður hans
- Frá Róm til Þingvalla.

Kennsluhættir í lotunni:

- Samverur
- Paralestur, Leitarlestur
- Hugarkort
- Bókarýni
- Textarýni
- Framsógn
- Heimildavinna
- Verkefni unnin í verkefnabókum
- Skapandi ritun
- verkefni unnin einstaklingslega, í paravinnu og hópavinnu.
- samvinnuverkefni

Námsmat:

leiðsögn yfir skólaárið með yfirferð verkefna (grænt er gott - bleikt má laga) og umræðum

kannanir reglulega yfr skólaárið

haust og vorannar próf

ritunarverkefni metin með umsögn

skriftarpróf

framsagnarpróf

Íslenska fyrir 5.-7.bekk

- **Framvinda**
- **Hæfnieinkunn (tákn)**

Íslenska fyrir 5.-7.bekk - Talað mál, hlustun og áhorf

- Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.
- Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum.
- Tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyranda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar.
- Tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum.
- Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.

Íslenska fyrir 5.-7.bekk - Lestur og bókmenntir

- Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað.
- Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann.
- Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.
- Notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta.
- Lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum.
- Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.

Íslenska fyrir 5.-7.bekk - Ritun

- Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur.
- Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.
- Valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni.

- Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa.

Íslenska fyrir 5.-7.bekk - Málfræði

- Gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það.
- Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra.
- Beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað.
- Notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun.
- Notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta.
- Nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau texta.
- Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál.
- Beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins.
- Gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu.